

Mál nr. 233/2006

M

og

Vátryggingafélagið V vegna ábyrgðarliðar fjölskyldutryggingar G

Meint tjón á bifreið vegna múrbrots í innkeyrslu ágúst 2005.

Gögn.

1. Málskot mótttekið þ. 13.11.2006. ásamt greinargerð og fylgiskjöllum 1-10
2. Niðurstaða tjónanefndar nr. 1024/2005
3. Bréf V dags. 24.11.2006 ásamt fylgiskjöllum 1-5

Málsatvik.

Lögmaður M lýsir atvikum með þeim hætti að nágranni M hafi m.a. brotið niður handrið og pall við hús sitt og þar hafi safnast múrbrot sem sett hafi verið í fiskikör sem staðsett voru í innkeyrslu hússins. Lögmaðurinn segir að norðan hvassviðri hafi gert þ. 25.8.2005 og segir að M telji að þá hafi orðið tjón á bifreið hans sem megi rekja til múrfoks. Í tjónstilkynningu segir að tjónið hafi orðið 24.8.2005 og hafi múragnir fokið á bifreiðina. M gaf skýrslu hjá lögreglu 9.3.2006 og þar segir hann að tjónið hafi orðið þ. 25.8.2005 og hann hafi ekki tekið eftir skemmdum á bifreiðinni fyrr en 10-14 dögum síenna þá staddur í Reykjavík. Nágranninn sem stóð í framkvæmdum þeim sem nefndar eru hér að ofan gat ekkert sagt um málið enda var hann ekki heima þegar nefndur atburður átti að hafa gerst. V hafnar bótaskyldu og telur ekki að fullu sannað að þær skemmdir sem urðu á nefndri bifreið megi rekja til múrbrots sem að vátryggður skildi eftir í innkeyrslu sinni. V bendir á að tjón á bifreiðinni sem um ræðir sé allan hringinn en þó mest á svuntu bifreiðarinnar þar sem ákoma af völdum grjótkasts sé almennt mest á bílum einnig séu ákomur á vinstri hlið bifreiðarinnar en sú hlið hafi snúið frá innkeyrslu vátryggðs.

Álit.

Ekki hefur verið sýnt fram á í málinu að tjón M hafi orðið vegna múrbrota sem skilin voru eftir í fiskikari í innkeyrslu vátryggðs. Þá verður ekki séð að vátryggður hafi sýnt af sér háttsemi sem leiði til bótaskyldu miðað við þau gögn sem fyrir liggja í málinu. Tjón M bætist því ekki úr ábyrgðarlið fjölskyldutryggingar G hjá V.

Niðurstaða.

Tjón M bætist ekki úr ábyrgðarlið fjölskyldutryggingar G hjá V.

Reykjavík, 15.12.2006

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.